

Minnisblað

Dagsetning: 23. desember 2021
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021. Verkefni 11 – Tjörneslögin.

Sumarið 2020 var ákveðið að hefja myndvöktun á völdum sniðum við Tungulendingu á Tjörnesi og fylgjast með breytingum sem gætu orðið á setlögum vegna söfnunar steingervinga eða náttúrulegs rofs. Ef í ljós kemur stórfelld söfnun á svæðinu er síðar hægt að fara á aðra staði á svæðinu.

Framkvæmd 2021

Vettvangsvinna fór fram 28. júní 2021 og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæpórssyni og Sigþrúði Stelli Jóhannsdóttur. Þar var/voru:

- svæðið ljósmyndað með nýju flygildi en þar voru teknar fremur láréttar myndir af sjávarbakkanum, allt frá mynni Hallbjarnarstaðagils norðan við Tungulendingu og suður að Skeifárfossi.
- ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum af steingervingalögum við Tungulendingu.

Úrvinnsla

Frumgögn frá 2020 og 2021 hafa verið sett inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e.

- Skráning jarðminja og ljósmyndir af föstum myndvöktunarpunktum 2020 og 2021.
- GPS skrár hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndir hafa verið settar inn í ljósmyndagrunn Náttúrufræðistofnunar.

Ljósmyndir á föstum myndvöktunarpunktum frá 2020 og 2021 voru bornar saman og metið hvort þar hafi orðið breytingar á jarðminjum milli ára.

Niðurstöður og umræður

Þegar ljósmyndir frá myndvöktunarpunktum 2020 og 2021 voru bornar saman sáust greinilegar breytingar á tveimur punktum. Nokkuð hrun hafði orðið úr sjávarbakkanum norðan við Tungulendingu og sást greinilegt rof á því svæði sem fylgst er með (1. – 2. mynd). Einnig höfðu orðið breytingar á setlögum við veginn en nokkur hreyfing er á jarðvegi í brekkunni, t.d. þarf að laga veginn að Tungulendingu á hverju vori. Ekki var hægt að merkja að einhver söfnun steingervinga hefði átt sér stað að ráði.

Alaskalúpína þekur efsta hluta sjávarbakkans fyrir ofan Tungulendingu og skríður lúpínan smátt og smátt niður brattan bakkann í átt til sjávar, 3. - 5. mynd. Nota má ljósmyndir teknar með flygildi til að fylgjast með útbreiðslu lúpínu á svæðinu en líklegt er að hún komi til með að þekja steingervingalögin smám saman.



1. mynd. Snið norðan í sjávarbakkanum 2020.



2. mynd. Snið norðan í sjávarbakkanum 2021. Greinilegt hrun hefur átt sér stað.



3. mynd. Útbreiðsla alaskalúpínu í sjávarbakkanum við Tungulendingu 2021.



4. mynd. Útbreiðsla alaskalúpínu í mynni Hallbjarnarstaðagils 2021.



5. mynd. Útbreiðsla alaskalúpínu í Hallbjarnarstaðagili 2021.

Framhald vöktunar

Lögð er til að áframhaldandi vöktun á sömu myndvöktunarpunktum og myndir teknar árlega, sjá 1. töflu.

1.tafla. Vöktunarpættir við Tjörneslögin.

Vöktunarpáttur	2022	2023	2024
Myndataka með flygildi í Tungulendingu	x	x	x
Myndvöktunarpunktar	x	x	x